

Foreign Affairs of Finland and by the Principal Secretary of the Ministry of Agriculture and Co-operatives of Tanzania or their nominees.

- b) Payments to the Nordic firm of consulting architects and engineers in charge of the planning and supervision of the Building Programme as well as their sub-consultants shall be made directly by the Ministry for Foreign Affairs of Finland.

- c) If any amount shall remain unspent in the accounts after the completion of the Project, the balance shall be returned to the Party which has paid the amount.

5. The Board of Nordic Development Projects may, at its own expense engage a firm of accountants to audit the accounts into which the financial contributions are paid.

3. sept. 1974.

Nr. 17.

AUGLÝSING

um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.

Forstjóra Evrópuráðsins hefur verið afhent yfirlýsing þess efnis, að skuldbinding Íslands til þess að viðurkenna lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu (sbr. Stjt. A 58/1958) hafi verið framlengd til 5 ára frá 3. september 1974 að telja (þ.e. til 3. september 1979).

Yfirlýsing þessi er gefin skv. 46. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (sbr. Stjt. A 11/1954).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. september 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

26. sept. 1974.

Nr. 18.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Póllands.

Hinn 10. september s.l. var gert í Varsjá samkomulag um að viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Póllands frá 12. september 1969 (sbr. augl. Stjórnartíðinda C-deild nr. 12/1969) skuli gilda áfram þar til nýr samningur á umræddu sviði hefur verið undirritaður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. september 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.